



Skýrsla um forsamráð

Forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi

Efni samráðs: Forsamráð um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi

Samráð hófst: 19. júní 2026

Samráð lauk: 27. ágúst 2026

Fjöldi umsagna: 32

Umsagnaraðilar

Umsagnir bárust frá eða fyrir hönd eftirtalinna aðila: Gagnsæi – samtökum gegn spillingu / Transparency International á Íslandi, Húnaþingi vestra, Dalabyggð, Heiðari Jóni Hannessyni, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Bændasamtökum Íslands, Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu, Marinó G. Njálssyni, Syndis, Nova, QRiemannian Research, Barnaheillum – Save the Children á Íslandi, Arion banka, Tölvuaðstoð, Umbru, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Fjölmíðlanefnd og Netvís, Seðlabanka Íslands, Korda, Nanitor, Snerpu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Viðskiptaráði Íslands, Mílu, Opnum kerfum, Samorku, Norðurorku, Cipher, Persónuvernd, Varist og Fjarskiptastofu.

Í Samráðsgátt bárust 32 innsendar umsagnir, þar af ein í tvígang.

Samantekt um umsagnir

Innviðaráðuneytið þakkar umsagnaraðilum fyrir gagnleg innlegg í forsamráði um efnistöð grænbókar um fjarskipti og netöryggi. Samráðið fór fram áður en drög að grænbók voru unnin. Markmiðið var að kalla snemma fram þekkingu, reynslu og sjónarmið um þau viðfangsefni sem mikilvægt er að grænbókin taki til.

Umsagnirnar voru almennt málefnalegar, fjölbreyttar og gagnlegar. Þær staðfesta að fjarskipti og netöryggi eru nátengdari en áður og að næsti áfangi í málaflokknum snýst ekki eingöngu um hraða, útbreiðslu og stafræna þjónustu, heldur einnig um traust, öryggi, rekstrarsamfellu og áfallapol.

Þessi samantekt felur ekki í sér endanlega afstöðu ráðuneytisins til einstakra tillagna eða álitaefna. Umsagnirnar verða metnar nánar við gerð grænbókarinnar og eftir atvikum við síðari mótun stefnu eða stefna og aðgerðaáætlunar.

Helstu skilaboð úr forsamráðinu

- Áfallapol stafrænna grunninnviða kom fram sem eitt helsta sameiginlega viðfangsefnið. Þar er horft til fjarskiptaneta, sæstrengja, neyðarsamskipta, orku, greiðslukerfa, skýjaþjónustu, opinberrar þjónustu og reksturs mikilvægra innviða.
- Landsbyggðar- og byggðasjónarmið komu skýrt fram. Bent var á að formlegar þekjumælingar endurspegli ekki alltaf raunverulega upplifun fólks, fyrirtækja og viðbragðsaðila.
- Mikil áhersla var lögð á NIS2 og annað stafrænt EES-regluverk. Jafnframt var kallað eftir skýrri ábyrgð, leiðbeiningum, samhæfingu eftirlits og meðalhófi gagnvart minni aðilum.
- Umsagnir fjölluðu mikið um neyðar- og öryggisfjarskipti, 112, útfösun eldri kerfa, farnet, stofnleiðir, varaleiðir og sæstrengi.
- Fjarskiptasvik, netglæpir, birgjakeðjur, skýjaþjónusta og stafrænt fullveldi voru nefnd sem viðfangsefni sem þurfi að skoða nánar í áframhaldandi vinnu.
- Einnig komu fram atriði sem teljast ekki hefðbundin fjarskipta- eða netöryggismál í þröngum skilningi, en tengjast engu að síður áfallapoli og stafrænu trausti. Þar má nefna gervigreind, skammtatölvur og skammtþolnar öryggislausnir, auk álitamála um stafrænt fullveldi, hæði við erlenda tækni- og skýjaþjónustuaðila og sameiginlega stafræna innviði ríkisins.
- Skiptar skoðanir komu fram um hvort móta eigi eina samþætta stefnu fyrir fjarskipti og netöryggi eða tvær aðskildar en samhæfðar stefnur. Jafnframt kom fram breiður skilningur á því að mikilvægt sé að fjalla um málaflokkana saman þar sem þeir skarast.
- Margir umsagnaraðilar lögðu áherslu á að framtíðarstefnumótun þurfi að leiða til m.a. skýrari ábyrgðar, forgangsöröðunar og eftirfylgni.

Að loknu samráði

Að loknu forsamráðinu verður unnið áfram úr innsendum umsögnum og ábendingum. Þær munu nýtast við undirbúning grænbókar þar sem fjallað verður um stöðu mála, helstu álitaeftir, möguleg efnistöð og valkosti til frekari stefnumótunar.

Drög að grænbók verða síðar birt til sérstaks samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda. Þar gefst umsagnaraðilum og öðrum hagaðilum tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum um efni grænbókarinnar áður en tekin verður afstaða til næstu skrefa í stefnumótun á sviði fjarskipta og netöryggis.

Markmiðið er að grænbókin verði traustur og gagnlegur umræðugrundvöllur fyrir næsta áfanga, án þess að fyrirfram sé gengist við einstökum tillögum eða lokað valkostum sem þurfa frekari skoðun.